

Fundargerð aðalfundar

Þekkingarsetur Vestmannaeyja

Aðalfundur Þekkingarseturs Vestmannaeyja ses. var haldinn miðvikudaginn 30. apríl 2014 og hófst kl. 12.00 í fundarsal á þriðju hæð að Strandvegi 50, Vestmannaeyjum.

Til aðalfundarins var boðað skriflega og með tölvupósti 15. apríl sl. í samræmi við samþykktir félagsins og ítrekað í tölvupósti þriðjudaginn 29. apríl sl. Á ársfundinn mættu fulltrúar frá 17 stofnaðilum. Elliði Vignisson, formaður stjórnar setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Fundurinn samþykkti tillögu um að Ólafur Elísson annaðist fundarstjórn og Páll Marvin Jónsson fundarritun.

1.mál. Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

Skýrsla stjórnarformanns Formaður stjórnar, Elliði Vignisson gerði grein fyrir störfum stjórnar. Fráfarandi stjórn tók til starfa 30. apríl 2013. Alls voru haldnir 5 stjórnarfundir á tímabilinu og þess á milli hefur framkvæmdastjórn ÞSV komið saman um 30 sinnum og farið yfir stöðu mála. Fjöldmargir vinnufundir voru haldnir með framkvæmdastjórn og stjórnarformanni S30 Fasteignafélagi ehf. þar sem rædd var framvinda og staða húsnæðismála Þekkingarseturs Vestmannaeyja.

Í skýrslu formanns kom fram að síðasta starfsár einkenndist af vinnu og ákvörðunartöku varðandi byggingu á nýrri aðstöðu fyrir Þekkingarsetur Vestmannaeyja að Strandvegi 30. Töluverðar breytingar hafa orðið á verkefninu og á síðasta ári var tekin sú ákvörðun að fara með aðstöðuna á efri hæð Miðstöðvarinnar eða á Strandveg 30 og var S30 Fasteignafélagi fengið það hlutverk að leiða þá vinnu. Fljótlega var síðan tekin ákvörðun um að stækka framkvæmdina, byggja yfir Vigtarhúsið og útbúa aðstöðu fyrir menningarsal og móttöku fyrir ferðamenn á jarðhæð Vigtarhússins. Hönnun framkvæmdarinnar var boðin út og voru það Arkís arkitektar og Verkfræðistofa Þráins og Benedikts sem fengu verkið. Á stjórnarfundi 3ja febrúar 2014 samþykkti stjórn Þekkingarsetursins fyrir sitt leyti fyrirbyggjandi hönnun og kostnaðaráætlun framkvæmdarinnar. Næsta skref S30 var því að ráðast í útboð á framkvæmdinni. Alls bárust fjögur tilboð í verkefnið og reyndust tilboðin vera 15-28% yfir kostnaðaráætlun. Ljóst var að verkefnið var orðið of dýrt fyrir Þekkingarsetrið og í kjölfarið var tekin ákvörðun um að hafna öllum tilboðum og gera tilraun til að minnka verkefnið.

Ljóst er að þessi ákvörðun um að minnka framkvæmdina hefur hleypt lífi í verkefnið að nýju þó svo að enn sé ekki búið að loka dæminu. Þrátt fyrir að eigið fé verkefnisins sé í kringum 40% og í raun engar arðsemikröfur gerðar á það fjármagn, vefst áformað leiguverð fyrir þeim stofnunum sem hafa ýmist skrifað undir viljayfirlýsingu eða sýnt því áhuga að leiga aðstöðuna.

Að lokum þakkaði formaður starfsfólki Þekkingarsetursins, stjórn og framkvæmdastjórn fyrir gott samstarf á tímabilinu.

Skýrsla framkvæmdastjóra

Páll Marvin Jónsson, frkvstj. flutti skýrslu um starfsemi ÞSV. Starfsárið 2013 - 2014 hefur verið um margt frábrugðið undanförunum árum. Á fyrsta stjórnarfundum starfsársins var samþykkt að framkvæmdastjóri ÞSV yrði stjórn S30 Fasteignafélags innan handar við þá vinnu að bjóða út hönnun og framkvæmdir á nýju húsnæði Þekkingarsetursins. Í raun er því verki að fullu lokið í dag, endanleg hönnun á húsnæðinu liggur fyrir og tilboð í framkvæmdirnar er á borðinu. Að baki er gífurleg vinna þar sem fjölmargir aðilar hafa komið að. Hönnunarkostnaður og sú vinna sem búið er að leggja í verkefnið er komin í yfir 30 milljónir bara á þessu starfsári. Afraksturinn er hönnun húsnæðis sem bíður upp á mikil tækifæri, ekki bara fyrir þekkingarsamfélagið heldur fyrir samfélagið í heild sinni.

Þó svo að hönnun og framkvæmdakostnaður liggi nú fyrir hefur enn ekki tekist að tryggja leigutaka að nægjanlega miklu rými til að hægt sé að leggja af stað í framkvæmdir. Fram kom í máli framkvæmdastjóra að að mikilvægt er framkvæmdir geti hafist sem fyrst svo að þekkingarsamfélagið í Eyjum geti farið að einbeita sér að nýjum spennandi verkefnum.

Hefðbundin starfsemi hefur gengið vel á árinu. Starfsemiinni er skipt upp í fjórar deildir sem eru aðskildar rekstrarlega en að öðru leyti reynt að tvinna starfseminna saman eins og kostur er. Hugheimar er samstarfsvettvangur stofnanna innan Þekkingarsetursins og segja má að á meðan að húnæðismálin eru í þessum farvegi hefur lítill tími fengist til að sinna Hugheimum.

Bæði söfnin fengu á starfsárinu viðurkenningu safnaráðs en skv. nýjum safnalögum sem tóku gildi 1. janúar 2013 voru allar eldri viðurkenningar safna afturkallaðar. Sagnheimar, byggðasafn og Sæheimar, fiskasafn fóru því í faglegt endurmat og innri skoðun á bæði starfsemiinni og starfsaðstöðunni, m.a. með tilliti til öryggis- og brunamála. Í lok árs 2013 var send inn umsókn um að fá viðurkenningu frá Safnaráði og var umsóknin samþykkt í byrjun árs 2014. Í báðum söfnum hefur verið unnið mikið og gott safna og fræðslustarf á árinu sem hefur skilað sér bæði í aukinni aðsókn á safnið og fjölda viðburða þar sem menning og saga Eyjanna hefur verið í fyrirrúmi.

Rekstrarafkoma ársins 2013 er með ágætum, veltufé frá rekstri var rúmar 6,5 milljónir, handbært fé 53,7 milljónir en af því er stofnfé 7,7 milljónir og óráðstafað eigið fé 31,9 milljónir.

2.mál. Ársreikningur ÞSV 2013

Guðmundur Ásgeirsson, endurskoðandi frá Deloitte fór yfir ársreikninginn. Könnun Deloitte byggir á aðferðarfræði sem þróuð er af Deloitte og byggir á alþjóðlegum staðli ISRE 2400 um könnun ISA.

Könnunin fól í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum Þekkingarsetursins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum.

Rekstrarreikningur ársins 2013 (árið 2012 til samanburðar)

	Árið 2013	Árið 2012
Rekstrartekjur	26.056.943	23.961.872
Aðrar tekjur	47.471.289	44.268.000
<i>Launakostnaður aðaldeildar</i>	<i>(15.911.070)</i>	<i>(15.978.508)</i>
<i>Skrifstofu og stjórnunarkostnaður</i>	<i>(3.584.022)</i>	<i>(3.189.417)</i>
<i>Annar rekstrarkostnaður</i>	<i>(12.468.255)</i>	<i>(10.995.435)</i>
<i>Sagnheimar</i>	<i>(12.782.398)</i>	<i>(10.088.495)</i>
<i>Sjávarrannsóknir</i>	<i>(6.481.830)</i>	<i>(6.742.665)</i>
<i>Sæheimar</i>	<i>(16.933.750)</i>	<i>(15.511.040)</i>
Fjármagnstekjur netto námu samtals kr.	<u>1.187.885</u>	<u>2.097.631</u>
Afkoma ársins 2013 var jákvæð um kr.	<u>6.554.792</u>	<u>7.821.943</u>

Rekstrarreikningur – breytingar á milli ára. Rekstrartekjur aukast um tæpar 2,1 milljón og aðrar tekjur um 3,2 milljónir eða samtals 5,3 milljónir. Launakostnaður lækkar hjá öllum deildum milli ára nema Sagnheimum en það stafar fyrst og fremst af hækkun á starfshlutfalli hjá safnstjóra Sagnheima. Annar rekstrarkostnaður hækkar hjá öllum deildum og mest hjá Aðaldeild eða um 1,9 milljónir. Heildar hækkun rekstrargjalda er rúmar 5,6 milljónir.

Afkoma ársins fyrir fjármagnsliði er tæpar 5,4 milljónir sem er örlítið lakari en fyrir árið 2012, en þá var afkoman 5,7 milljónir.

Efnahagsreikningur 31. desember 2013 Eigið fé Þekkingarseturs Vm. í árslok 2013 var kr. 39.565.470, þar af stofnfé kr. 7.700.000. Langtímaskuldbindingar ÞSV vegna húsnæðismála eru kr. 37,5 millj. vegna framlags Vestmannaeyjabæjar vegna húsaupa og fyrirframgreidd leiga HÍ kr. 13.3 millj. Skuldbindingar vegna Sjávarrannsóknamiðstöðvar ÞSV lækka um 664.600. Langtíma skuldbindingar eru því alls 58.673.913.

Eignir á móti þessum skuldbindingum eru geymdar og ávaxtaðar á innlánsreikningum í Sparisjóði Vm. og sem eignarhluti í S30 Fasteignafélagi. Niðurstaða efnahagsreiknings 2013 var kr. 103.070.187.

Fastafjármunir	Árið 2013	Árið 2012
Eignarhlutar í dótturfélögum	42.000.000	42.000.000
Fjárfestingarverðbréf	300.000	300.000
	<u>42.300.000</u>	<u>42.300.000</u>
<hr/>		
Veltufjármunir		
Viðskiptakröfur	6.004.757	4.204.370
Aðrar skammtímakröfur	1.105.370	1.533.052
Handbært fé	53.660.060	49.263.809
	<u>60.770.187</u>	<u>55.001.231</u>
Eignir	<u>103.070.187</u>	<u>97.301.231</u>
<hr/>		
Eigið fé og skuldir		
Stofnfé	7.700.000	7.700.000
Óráðstafað eigið fé	31.865.470	26.410.678
Eigið fé	<u>39.565.470</u>	<u>34.110.678</u>
<hr/>		
Langtímaskuldir og skuldbindingar		
Fyrirframgreidd húsaleiga	13.338.513	13.338.513
Aðrar skuldbindingar	45.335.400	46.000.000
Skuldbindingar	58.673.913	59.338.513
Skammtímaskuldir	4.830.804	3.852.040
Skuldir	<u>63.504.717</u>	<u>63.190.553</u>
Eigið fé og skuldir	<u>103.070.187</u>	<u>97.301.231</u>

Helstu breytingar á efnahagreiðningi

Eignarhlutur í S30 fasteignafélagi ehf. – 42 milljónir en félagið er í 100% eigu ÞSV, en hlutverk félagsins er að vinna að uppbyggingu framtíðarhúsnæðis Þekkingarseturs Vestmannaeyja og leigutaka. Afkoma dótturfélagsins S30 fasteignafélag á árinu 2013 var neikvæð um kr. 265.874 og var eigið fé félagsins kr. 41.899.885.

Viðskiptakröfur ÞSV eru 6,0 millj. kr. í árslok 2013 og þar af er krafa á Líffræðistofnun HÍ upp á 2,6 milljónir en krafan var færð niður um 1 milljón á árinu. Viðskiptaskuldir hafa hækkað um 1,3 milljónir frá árinu 2012 og eru um 4 milljónir. Aðrar skuldbindingar eru kr. 45.335.400, Vestmannaeyjabær vegna húsaupa kr. 37.5 milljónir og skuldbindingar vegna sjávarransókna kr. 7.835.400 sem lækkuðu um kr. 664.600 á árinu.

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að ársreiðingurinn gefi glögga mynd af afkomu Þekkingarseturs Vestmannaeyja ses. á árinu, efnahag þess 31. desember 2013 og breytingu á handbæru fé á árinu, í samræmi við lög um ársreiðinga. Ársreiðingurinn, sem var saminn af Deloitte var einróma samþykktur ásamt skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra ÞSV .

3.mál. Kosning stjórnar og endurskoðenda

Í stjórn ÞSV voru kjörin: Elliði Vignisson, bæjarstjóri, Jóhann Sigurjónsson, forstjóri Hafrannsóknastofnunar, Sveinn Margeirsson, forstjóri Matís ohf., Arnar Sigurmundsson, frkvstj., form. stjórnar Visku, Sæunn Stefánsdóttir, forstm. Fræðasetra Háskóla Íslands, Anna Sigríður Hjaltadóttir, vinnslustjóri hjá VSV hf. og Páll Guðmundsson, framkvæmdastjór hjá Huginn ehf.

Til vara: Ásdís Sævaldsdóttir, útgerð Bergs Ve. og Guðný Óskarsdóttir Drífandi stéttarfélagi.

Hrafn Sævaldsson og Rögnvaldur Ólafsson gáfu ekki kost á sér til endurkjörs og voru þeim þökkun góð störf í þágu ÞSV.

Endurskoðendur voru kjörnir: Deloitte – endurskoðun.

4.mál. Þóknun til stjórnarmanna ÞSV

Aðalfundurinn samþykkir að þóknun til stjórnarmanna ÞSV verði kr. 100 þúsund á mann fyrir liðið starfsár og 20 þúsund krónur fyrir hvern setinn stjórnarfund. Formaður stjórnar fái tvöfalda þóknun og varaform. 50% álag á þóknun stjórnarmanna, en þeir sitja báðir í framkvæmdaráði ÞSV ásamt framkvæmdastjóra.

5.mál. Tillögur til breytinga á samþykktum ÞSV

Engin tillaga til breytinga á samþykktum.

6.mál. Starfs- og rekstraráætlun ÞSV fyrir árið 2014

Rekstraráætlun 2014. Páll Marvin Jónsson, frkvstj. Gerði grein fyrir rekstraráætlun ÞSV fyrir árið 2014. Fram kom að í forsendum rekstraráætlunar er gert ráð fyrir jákvæðri afkomu allra deilda og að hagnaður ársins verði kr. 4,9 milljónir.

Tekjustofnar aðaldeildar eru annarsvegar samningur við Menntamálaráðuneytið og hinsvegar ýmsar þjónustu- og umsýslutekjur. Samningurinn við Menntamálaráðuneytið hækkar um 3,7% og fer úr 24,6 milljónum í 25,5 milljónir og er áætlað skv. innanhússkiptingu ÞSV að 16,1 milljón fari í aðaldeildina og 9,4 milljónir í sjávarannsóknarmiðstöðina. Áætlað er að seldar vörur og þjónusta skili um 16,1 milljón í tekjur sem er 8,3% hækkun frá því 2013. Stærsti hluti hækkunarinnar skýrist af hækkun á þjónustu- (6%), rekstrar- (4%) og leigugjöldum (4%) til leigjenda að Strandvegi 50.

Ekki er gert ráð fyrir vaxtatekjum í þessari áætlun en ætla má að þær verði í kringum 1,5 milljón. Heildar tekjur aðaldeildar, án vaxtatekna, eru því samtals áætlaðar rúmlega kr. 32,2 milljónir árið 2014. Tekjur safnasviðs byggja á rekstararsamningum við Vestmannaeyjabæ. vegna Sæheima, fiskasafns 11.7 millj. kr. og Sagnheima, byggðasafns 7.1 millj. kr. Aðrar tekjur af söfnum eru Sæheimar 7,5 milljónir og Sagnheimar 6,2 milljónir.

Tekjur Sjávarrannsóknamiðstöðvar byggja á samningi við Menntamálaráðuneytið kr. 9,4 milljónir, verkefnastyrkir og tekjur vegna aðstöðu og rannsóknarbáta kr. 3.1 millj. kr.

Yfirlit deilda, áætlun 2014:

	Tekjur	Kostnaður	Afkoma
ÞSV- aðaldeild	32.220.000	32.086.967	133.033
Sæh.fiskasafn	19.237.000	17.552.705	1.684.295
Sagnh. Byggðas.	13.373.000	13.146.775	226.225
Sjávarranns.	12.550.000	9.647.414	2.902.586
Alls	77.380.000	72.433.861	4.946.139

Starfsáætlun 2014. Framkvæmdastjóri fór í stuttu máli yfir starfsáætlun ársins 2014 og vísaði í skýrslu sem var í fundargögnum.

Verkefni ÞSV munu á árinu 2014 einkennast mjög af útboði og framkvæmdum vegna Strandvegar 30 en önnur verkefni eru m.a.

- Markaðsáttak Vestmannaeyja er verkefni unnið í samstarfi við Ferðamálasamtök Vestmannaeyja.
- Sjávarklasi Vestmannaeyja er verkefni þar sem ætlunin er að mynda samstarfsvettvang sjávarútvegsfyrirtækja og rannsóknarstofnanna í þeim tilgangi að skapa umræðugrundvöll og hvetja til nýsköpunar í greininni.
- LiveWell er undirbúningsverkefni sem styrkt er af NPP og er ætlað að samhæfa staðla og verkferla fyrir flutning á lifandi sjávarafurðum.

Að því loknu fór framkvæmdastjóri yfir stöðu mála hvað varðar hönnun og útboð á Strandvegi 30. Fram kom í máli framkvæmdastjóra að stjórn S30 Fasteignafélags ehf. hafi í raun lokið sinni vinnu og nú sé það í höndum Þekkingarseturs Vestmannaeyja að ljúka við að ná samkomulagi við væntanlega leigutaka. Allir stærstu leigutakar hafa samþykkt bæði fjölda fermetra og fermetraverð að undanskyldri Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Viðræður eru í gangi við forsvarsmenn Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands en lágt leiguverð í núverandi húsnæði NMI hefur m.a. gert það að verkum að erfitt hefur verið að ná samkomulagi um leiguverð.

Fleira ekki bókað - Fundarstjóri sleit fundi kl 13:20 og þakkaði fundarmönnum fyrir góðan fund.

Ólafur Elísson, fundarstjóri

Páll Marvin Jónsson, fundarritari